

110 febr. 1946, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er 25. júní úr gildi felld jarðræktarsamþykkt nr. 113 19. júlí 1946 fyrir hreppabúnaðarfélagin undir Eyjafjöllum.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. júní 1951.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

111

29. júní

AUGLÝSING

um að reiðhjól með hjálparvélum skuli undanþegin ákvæðum bifreiðalaganna.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 1. gr. bifreiðalaga, nr. 23 16. júní 1941, og með samþykki fjármálaráðuneytisins, hefur ráðuneytið úrskurðað að reiðhjól með hjálparvélum allt að 1 hestafli skuli undanþegin ákvæðum bifreiðalaganna, en öll bifhjól og reiðhjól með hjálparvélum, 1 hestafs eða stærri, skuli háð ákvæðum bifreiðalaganna. Reiðhjól með hjálparvél telst sérhvert tvíhjóla og þríhjóla ökutæki, sem hefur sérstök tæki til að knýja hjólið áfram með mannlegri orku auk vélarinnar.

Þau af tækjum þessum, sem samkvæmt framanrituðu falla undir ákvæði bifreiðalaganna eru skráningarskyld, gjaldskyld og tryggingarskyld sem bifreiðar, en þau tæki, sem falla utan ákvæða bifreiðalaganna, ekki.

Í dómsmálaráðuneytinu, 29. júní 1951.

Bjarni Benediktsson.

Sigurgeir Jónsson.

112

29. júní

REGLUGERÐ

um skrásetningu reiðhjóla með hjálparvél undir einu hestafli.

1. gr.

Öll reiðhjól með hjálparvélum undir einu hestafli, skulu skrásetjast af lögreglustjóra í umdæmi því, sem eigandi reiðhjólsins býr í.

2. gr.

Á hverju slíku reiðhjóli skulu vera skrásetningarmerki framan og aftan á hjólinu. Skrásetningarmerkin skulu vera með rauðum stöfum á hvítum grunni.

Hæð stafa skal vera 4 cm. Einkennisbókstafir skulu vera hinir sömu og fyrir bifreiðar, en númer skulu hefjast á tölunni 1 í hverju umdæmi.

3. gr.

Lögreglustjórinn í Reykjavík sér um tilbúning skrásetningarmerkja fyrir reiðhjól og annast dreifingu til annarra umdæma. Skrásetningarmerkin skulu seld fyrir kostnaðarverði, að viðbætti hæfilegri álagningu vegna afgreiðslu og dreifingarkostnaðar, eftir nánari ákvörðun dómsmálaráðuneytisins.

4. gr.

Fyrir skrásetningu samkvæmt reglugerð þessari skal greiða 100 króna gjald til ríkissjóðs og annast lögreglustjórar innheimtu þess.

5. gr.

112

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt 14. gr. umferðarlaga, nr. 24 29. júní 1941.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ekki má skrásetja hjól samkvæmt reglugerð þessari, nema áfallin gjöld fyrir árið 1950 séu jafnframt greidd, ef hjólið hefur verið skrásett sem bifreið.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 11. gr. 6. mgr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941, öðlast gildi þegar í stað.

Í dómsmálaráðuneytinu, 29. júní 1951.

Bjarni Benediktsson.

Sigurgeir Jónsson.

G J A L D S K R Á

113

fyrir Rafveitu Ísafjarðar.

29. júní

Rafveita Ísafjarðar selur raforku á orkuveitusvæði sínu Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhreppi á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

Þar, sem orkan er aðallega notuð til lýsingar, skal hún seld um kwst.mæli á kr. 1.60 hver kwst.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæla, annan til ljósa en hinn til heimilissvéla, suðu og hitunar. Um ljósamælinn kr. 1.60, en hinn mælinn kr. 0.38 hver kwst.

C. Vélar.

Þar, sem orkan er seld til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst.mæli á kr. 1.10 hver kwst. til smáiðnaðar.
2. Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa, skal orkan seld á kr. 0.35 hver kwst., enda hafi rafveitan rétt til að rjúfa strauminn. Þegar álag rafveitunnar er of mikið að dómi rafveitustjóra.

D. Hitun.

Þar, sem orkan er notuð til hitunar, enda sé rafmagnsupphitun aðalupphitun hússins á því tímabili, sem rafmagnsupphitun er notuð, má selja raforku með eftirfarandi skilyrðum:

- a. Öll tæki skulu vera fast tengd, og gerð hitalagna og hitatækja háð samþykki rafveitustjóra.
- b. Klukkurofar séu fyrir hitalögninni, og greiðist leiga fyrir þá eftir reglum, sem gilda fyrir leigumæla. Má þó veita undanþágu frá þessu, ef rafveitustjóri telur þörf á.
- c. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn af hitakerfinu, þegar það telst nauðsynlegt, að dómi rafveitustjóra.